

MENNING/LISTIR

Myndlist

Þorvaldur sýnir á Mokka

Opnuð hefur verið sýning á Mokka á verkum eftir Þorvald Þorsteinsson; „Svipmyndir úr safni ímyndaðrar heildar“. Hér er um að ræða sýnis-horn úr nýjum flokki ljósmyndaverka sem Þorvaldur hefur unnið að síðan á miðju síðasta ári og var fyrst sýndur í Riga í Lettlandi í maí sl.

Þorvaldur Þorsteinsson útskrifaðist úr nýlistadeild MHÍ árið 1987 og úr Jan van Eyck Akademie í Maastricht 1990. Hann hefur haldið fjölda einkasýninga hér heima og erlendis og tekið þátt í samsýningum víða um lönd.

Sýningin á Mokka stendur til 10. október.

„Púðar og klukku-strengir“ í galleríinu Hjá þeim

Frá 15. september til 2. október sýnir Ingibjörg Hauksdóttir myndverk sitt „Púðar og klukkustrengir“ í galleríinu Hjá þeim á Skólavörðustíg 6b. Opnunartími er kl. 12-18 mánuð. til föstud. og kl. 10-14 laugard.

Tónlist

Niflungahringurinn

Sýningar á Niflungahringnum eftir Robert Wagner verða í september og október sem hér segir:

Laugardagur 19. sept. kl. 15-19: Rínargullíð og kynning. Sunnudagur 20. sept. kl. 15-20: Valkyrjan. Þriðjudagur 21. sept. kl. 19-24: Siegfried. Fimmtudagur 23. sept. kl. 19-24: Ragnarök. Sunnudagur 25. sept. kl. 15-19: Rínargullíð og kynning. Þriðjudagur 27. sept. kl. 19-24: Val-

kyrjan. Fimmtudagur 29. sept. kl. 19-24: Siegfried. Laugardagur 1. október kl. 15-20: Ragnarök.

Um er að ræða upptökur á hinni frægu uppfærslu Patrice Chereau og Pierre Boulez („Hringur aldarinnar“) sem frumsýnd var í Bayreuth 1976.

Sýnt verður af mynddiskum (Laserdiskum) sem tryggja hámarks-gæði hljóðs og myndar með enskum skjátextum.

Þeir sem hafa áhuga á að sjá þessar sýningar láti vita í síma 17292 (Árni eða Selma), en sýnt verður á Vesturgötu 36b.

Keltar á LA Café og Sólon Íslandus

Fimmtudagskvöldin 16. og 23. september mun þjóðlagasveitin Keltar leika á LA Café, á horni Laugavegs og Frakkastígs. Sunnudaginn 19. september munu Keltar halda tónleika á efri hæð Sólon Íslandus. Tónleikarnir hefjast kl. 21. Keltar er hópur tónlistarmanna sem leikur keltnesk (írsk og skosk) þjóðlög með hefðbundinni hljóðfæraskipan.

Í fréttatilkynningu segir: „Vegna tónlistarstarfa sinna á erlendri grundu eru tveir meðlimir upphaflegu Kelta, þeir Valur Pálsson og Jóhann Egill Jóhannsson, illa fjarri góðu gamni að þessu sinni. Í þeirra stað hefur hópnunum bæst liðsauki ekki síðri listamanna eða þeirra Sean Bradley frá Dublin sem leikur á fiölu og Einar Kr. Einarssonar gítarleikara. Af meðlimum upprunalegu Kelta sem nú koma fram eru þeir Eggert Pálsson sem leikur á mandólu, banjó og trommu og Guðni Franzson sem leikur á flautur. Allir taka þeir svo lagið þegar við á.“

Á efnisskrá Kelta eru margvíslegir keltnesir dansar leiknir á hljóðfærin, ballöður sem sungnar eru með eða án undirleiks og gömlu góðu sönglög-in þar sem allir geta tekið undir af lífs og sálar kröftum.

„Úr safni ímyndaðrar heildar“ 1992-93.

Banvæn söguefni

Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

Mario Vargas Llosa: Hver myrta Móléró? Sigrún Ástríður Eiríksdóttir þýddi. Almenna bókafélagið 1993.


Friedrich Dürrenmatt: Banvæn kvöð. Valgerður Bragadóttir þýddi. Almenna bókafélagið 1993.

Mario Vargas Llosa, rithöfundur frá Perú, er á slóðum spennusagna í Hver myrta Móléró?, en einnig má líta á söguna sem lýsingu eða krufningu á ástandinu í rómönsku Ameríku og þá sérstaklega í heimalandi hans. Vargas Llosa sóttist eftir forsetaembætti í Perú 1990 og tapaði, en var nálægt því að hljóta kosningu. Hann verður því að beita sér áfram fyrir þjóðfélagsumbótum með skáldsagnagerð.


Övenjulega ruddafengið morðungs söngvara og gítarleikara fær lögreglumennina Silva lautin og Lítúma þjóðvörðliða til að freista þess að finna lausn málsins. Þeir ganga lengra en þeim er ætlað í rannsókninni og með því afhjúpast ýmislegt sem ætti að liggja í þagnargildi. Háttsettir menn eru flæktir í málið. Hvort eru það persónulegar ástæður eða aðrar og veigameiri sem ráða?

Umhverfi skáldsögunnar, það samfélag sem hún er sprottin úr, er vægast sagt framandlegt. Landsbyggð og þorp Perú virðast ekki aðlaðandi, minna helst á ameríska Vestrið. En þetta eru ákjósanlegir staðir fyrir skáldsögur, enda tekst Vargas Llosa að gera sér mat úr þeim.

Frásögnin er yfirleitt hæg og afar nákvæm. Framvinda sögunnar á sér ekki síst stað í hugum þeirra



Friedrich Dürrenmatt



Mario Vargas Llosa

Silva og Lítúma. Vargas Llosa beitir því bragði skemmtilega að láta til dæmis hugarburð Lítúma verða á köflum þungamiðu frásagnarinnar.

Í þessari skáldsögu um glæp notfærir Vargas Llosa sér aðferðir prakkarasögunnar sem á sér frjóa hefð í bókmenntum spænskumælandi þjóða. Lítríkar persónur og æsilegur söguþráður eru ómissandi í sagnagerð af þessu tagi.

Sakamálasagan gegn sjálfri sér

Svisslendurinn Friedrich Dürrenmatt var fyrst og fremst leikritahöfundur, en samdi líka skáldsögur um sakamál, þótt vafasamt sé að kalla þær venjulegar sakamálasögur.

Banvæn kvöð er í raun um takmarkanir sakamálasögunnar (og lögreglunnar), gagnrýni á vinnubrögð þar sem boðið er upp á einfaldar lausnir.

Lögregluforingi tekur upp á því að sanna fyrir sakamálahöfundum hve sakamálasögur ná skammt. Það gerir hann með því að leiða höfundinn inn á vettvang morðs, kynferðis-glæps gegn lítilli telpu.

Lögreglumaðurinn Matthäi gerir afdrifarik mistök við rannsókn morðsins. Hann á úr vöndu að ráða gagnvart trylltum múg sem heimtar refsingu án tafar.

Persónur Dürrenmatts eru dregnar skýrum dráttum og umhverfis lýsingar hans eru mjög lifandi. Þótt hann virðist á köflum leggja of mikla áherslu á smáatriði er sú áráttá beygð undir lögmál skáldsögunnar. Honum auðnast með listrænum hætti (eins og bestu sakamálahöfundum) að fara þá leið sem gæðir söguna dýpt og æskilegu margræði. Lesandinn fær eitthvað til að glíma við sjálfur og honum er sífelltlega komið á óvart.

Þýðendur Hver myrta Móléró? og Banvænnar kvaðar hafa þegar á heildina er lítið unnið sín verk vel.

Kjarvalsstaðir

Sýning á ljóðum eftir Hannes Pétursson

SÝNING á ljóðum eftir Hannes Pétursson verður opnuð á Kjarvalsstöðum laugardaginn 18. september kl. 14. Hannes Pétursson vakti fyrst athygli með skáldskap sínum í Ljóðum ungra skálda 1954 og ári síðar kom úr fyrsta ljóðabók hans, Kvæðabók.

Hannes hefur gefið út átta ljóðabækur, en auk þess hefur hann samið smásögur, ferðabækur og fjallað um þjóðleg fræði og þýtt sögur og ljóð. Hannes lauk prófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1959 og hefur ritað mikið um íslenskar bókmenntir, m.a. bækur um skáldskap Steingríms Þorsteinssonar og Jónasar Hallgrímssonar.

Í fréttatilkynningu segir: Yrkisefni Hannesar eru flest tengd íslenskri náttúru í margbreytilegum myndum. Hann sækir einnig yrkisefni í sagnaarf og menningu fyrri alda.

Form ljóða hans er margbreytilegt, allt frá rímháttum til prósaljóða. Oftast notar hann ljóðstafi en sjaldan rím í ljóðum sínum. Huglærinn einkennist af æðruleysi og nærfærinni náttúruskynjun sem stundum er næsta rómantísk.

Ljóðasýningar Kjarvalsstaða sem unnar eru í samvinnu við Ríkisútvarpið-Rás 1, hafa verið fastir liðir á dagskrá safnsins síðan 1991. Með þeim hafa opnast nýir möguleikar fyrir íslensk skáld í rými sem áður var helgað myndlistinni, en jafnframt vekja sýningarnar spurningar um stöðu ljóðlistarinnar í dag.

Sýningin á Kjarvalsstöðum stendur til sunnudagsins 17. október og er opin daglega frá kl. 10-18.



James Belushi í hörku baráttu við sjálfa mafiuna

Ungur stjórnmaðmaður sem biður sig fram til borgarstjóra sker upp herör gegn eiturfylfasölu í New York. Í brúðkaupsferð til Palermo er hann leiddur í gildru af mafunni og er sakaður um morð. Mafían gerir honum tilboð þar sem hann yrði laus allra mála gegn ákveðinni aðstoð.


HÖRKU SPENNUMYND

KEMUR ÚT Í DAG



HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 611212

SPENNA OG FRUMLEGGHEIT



Ein frumlegasta mynd ársins

Sprenglægle gamanmynd um fimm leigubílstjóra í fimm stórborgum. Þar koma fyrir þrugaður umboðsmaður í Hollywood, orðljótur New York bú, þrír blindfullir Finnar og snaróður ítalskur leigubílstjóri sem játar fyrir presti kynferðislegt samband við grænmeti og sauðfé.

SANNKÖLLUÐ FRUMLEGGHEIT

KEMUR ÚT Í DAG

Ný myndbönd á næstu leigu



THE LOVER

KEMUR ÚT Í NÆSTU VIKU